

17. fundur Landbúnaðarnefndar Hrunamannahrepps

17. fundur landbúnaðarnefndar var haldinn 21 .september 2020 í Langholtsskoti kl. 18. Á fundinn mættu nefndarmenn Björgvin Ólafsson, Jóhanna Bríet Helgadóttir og Benedikt Kristinn Ólafsson ásamt Jóni Bjarnasyni fjallkóngi, Unnsteini Hermannssyni og Þorsteini Loftssyni.

Dagskrá fundarins:

1. Eftirsafn

- a. Veðurspáin fyrir fyrirhugað eftirsafn, helgina 25.-27.sept lítur ekki nógu vel út og þess vegna hefur verið ákveðið að flýta eftirsafni.
- b. Planið er að flýta smalamenskum um einn dag og leggja af stað á miðvikudegi í stað fimmtudags og koma heim á föstudegi í stað laugardags.
- c. Ýmsar hugmyndir ræddar hvernig hægt sé að útfæra eftirsafnið miðað við að fjallmenn geti ekki mætt fyrr.
- d. 6 fjallmenn verða á fjórhjólum, 8 ríðandi menn auk trússara, matráðs og bílaleitar.
- e. Eftirfarandi póstur var sendur á alla fjallmenn í eftirsafni:

Sæl veriði,

Vegna slæmrar veðurspár um helgina eins og staðan er núna þá teljum við réttast að nýta góða veðrið og flýta eftirsafninu. Planið er að flýta ferðinni um einn dag og leggja af stað á miðvikudeginum. Það væri frábært að fá mannskap strax á miðvikudagsmorgninum fyrir þá sem það geta og restina á miðvikudegi/fimmtudegi. Við getum þá vonandi klárað þetta á föstudeginum.

Það væri því gott að fá að vita stöðuna á ykkur sem fyrst, hvort þið komist á miðvikudeginum og þá hvenær? Ef það eru einhverjar spurningar þá endilega hafiði samband.

Fundi slitið kl 19.31